

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 10. nóvember 2023
UST202310-240/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag -Hattafellsgil - Rangárþingi eystra

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 20. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hattafellsgil í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er um 5333 m² að stærð þar sem innan byggingarreits eru tvær byggingar og heimilt er að viðhalda byggingum og/eða byggja við, samtals allt að 100m² skála og um 50 m² hesthús/geymslu.

Hins vegar kemur ekki fram hver núverandi staða er nema að um er að ræða fjallasel með heimilt fyrir gistingu fyrir allt að 20 manns.

Göngu - og reiðleið

Umhverfisstofnun telur æskilegt að hestagerðið sé sýnt á uppdrætti. Í greinargerð segir að svæðið er vel tengt reiðleiðum og göngu- og hjólastígum samkvæmt aðalskipulagi.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að sýna göngu - og reiðleið á uppdrættinum.

Umferð ríðandi manna.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 20. gr. náttúruverndarlaga þar sem segir að þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og kostur er. Bannað er að reka yfir gróið land þannig að náttúruspjöll hljótist af eða hætta skapist á náttúruspjöllum. Á ferð um hálendi og önnur lítt gróin svæði skulu menn hafa tiltækt nægilegt aðflutt fóður fyrir hross sín. Heimilt er mönnum, að fengnu leyfi eiganda eða rétthafa eignarlands þegar við á, að slá upp aðhöldum eða næturhólfum fyrir hross, enda valdi það ekki spjöllum á náttúru landsins. Á hálendi skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur. Þegar farið er á hestum um eða höfð viðdvöl með hross á náttúruverndarsvæði, sbr. XIV. kafla, þar sem starfandi er landvörður eða umsjónaraðili skal haft samráð við hann.¹

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Emstrur og Fjallabak og er númer 761 sem aðrar náttúruminjar (C - hluti náttúruminjaskrár). Svæðinu er lýst sem stórbrotnu og fjölbreyttu landslagi. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.²

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að svæðið sé afmarkað á uppdrætti³ og fjallað um það í greinargerð tillögunnar og fram komi áhrif tillögur á ásýnd svæðisins og fjallað um í kafla 5 hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að náttúruminjaskrá sé höfð sem viðmið í töflu 3 undir umhverfisþættinum *Náttúru- og menningarminjar*. Í greinargerð á bls. 14 segir undir náttúru - og menningarminjar að engar þekktar náttúru eða menningarminjar eru á svæðinu.

Fráveita

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, ætti frekar að nota orðið fráveita eða hreinsivirki, eins og kemur fram á uppdrætti, í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur

² <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>

³ <https://natturuminjaskra.ni.is/>